

Erlendir vetrarferðamenn – vegir og þjónusta 2017-2018. Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar – Júní 2018.

Í skýrslunni eru teknar saman niðurstöður tveggja kannana meðal erlendra ferðamanna. Annars vegar Dear Visitors könnun sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) hefur gert meðal erlendra brottfarargest í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hins vegar viðtalskönnun meðal erlendra bílstjóra á bílaleigubílum í Reynisfjöru og Skaftafelli mánuðina apríl, september, október og nóvember 2017 og febrúar og mars 2018.

Mikið af niðurstöðum eru settar fram í skýrslunni. Meðal annars má nefna að ferðamönnum utan sumartíma hefur fjölgað mun meira en sumargestum frá árinu 2011, sem leggur grunn að betri nýtingu fjárfestinga í greininni. Notkun bílaleigubíla hefur aukist undanfarin ár og allt árið 2017 voru það um 61% gesta sem nýttu sér þann möguleika. Fram kemur að 44% nýttu sér bílaleigubíla yfir dimmstu vetrarmánuðina (janúar, febrúar, nóvember og desember) 2017, þó heildarvegalengd sem ekin er á þeim mánuðum sé minni en yfir sumarmánuðina. Áætlað er að erlendir ferðamenn hafi ekið bílaleigubílum alls um 635 milljón km á Íslandi árið 2017 og út frá því er áætlað að eldsneytisútgjöld þeirra hafi verið yfir 10 milljarðar króna.

Í könnuninum var m.a. spurt um ástæður skyndistopps í vegkanti og sögðust flestir stoppa til að skoða landslag og útsýni (um 71-87%), þar á eftir voru norðurljós og hestar nefndir til sögunnar. Bílbeltanotkun í framsætum er nánast undantekningalaus (99%), en hins vegar minni í aftursætum (82%) og þar stóðu farþegar frá Asíu sig verst (63%) en Bretar (93%), Norðurlandabúar (96%) og fólk frá Benelux löndunum (100%) stóðu sig betur.

Fram kemur meðal brottfarargesta í Leifsstöð að vitneskja um tilvist heimasíðu Vegagerðarinnar (www.road.is) er ekki mikil, en hefur þó aukist milli ára 2016 (14%) og 2017 (18%). Færri (9%) vissu um upplýsingasímann (1777) og sára fáir (1%) nýttu sér hann. Flestir vetrargestir (87%) fylgjast með veðurspám og ná í hana á vefnum. Erlendir gestir telja það brýnast að fækka mjóum vegöxlum og vegum sem og einbreiðum brúm. Margir telja þó vegakerfið betra en þeir höfðu búist við, þó stærsti hlutinn telji ástand svipað og þeir höfðu vænt. Í flestum tilvikum eru ábendingar erlendu ferðamanna um vandamál þó þannig að við vitum um þau og hversu brýnt það er að laga þau.